



Íslenzkir kjósendur sýna bezt óbeit sína  
á nazisma og kommúnisma með því að

## Kjósa Alþýðuflokkinn

Myndin sýnir  
rússnesk áróðurs-  
rit, sem íslenzkir  
kommúnistar hafa  
útbreitt á Íslandi.

# Sovét — Ísland óskalandið...

(Úr kvæði eftir Jóhannes úr Kötlum)



# Viljið þið verða „innlimaðir undir Bolsévismann?“

Haustið 1939 gerðu Stalin og Hitler með sér vináttusamning. Stalin hugðist láta lýðræðisríkin í Vestur-Evrópu berjast ein við nazismann. Hann sagði kommúnistum um allan heim að vera hlutlausum í þeirri baráttu. Þeir hlýddu.

13. maí 1940 sagði Þjóðviljinn: „Hvor aðilinn, sem sigrar, mun troða á rétti vorum og sjálfstæði.“

22. maí 1940 sagði Þjóðviljinn: „Hér á Íslandi verða sósialistar að gera sér fullljóst, að þeir geta hvorugum hinna striðandi aðila óskað sigurs“.

Sumarið 1941 sveik Hitler vináttusamninginn við Stalin og réðst á Rússland. Þá fannst kommúnistum ekki lengur einskis vert, hvernig striðið færi. Nú varð nazisminn að tapa. Rússland varð að vinna.

Og Bandaríkin, Bretland og Rússland lögðu Pýzkaland nazismans að velli. En Bandaríkin og Bretland lögðu ekki undir sig lönd. Sovétríkin lögðu hins vegar undir sig hvert landssvæðið á fætur öðru.

Pau lögðu undir sig Eystrasaltslöndin þrjú  
Pau lögðu undir sig hluta af Finnlandi.  
Pau lögðu undir sig hluta af Póllandi.  
Pau lögðu undir sig hluta af Pýzkalandi.  
Pau lögðu undir sig hluta af Tékkóslóvakíu.  
Pau lögðu undir sig hluta af Rúmeníu.  
Pau lögðu undir sig hluta af Japan.

Land það, sem Sovétríkin hafa lagt undir sig, er  $\frac{1}{2}$  milljón ferkilómetrar að stærð. Það er fimm sinnum stærra en Ísland. Á því bjuggu 26 milljónir manna.

Og svo hafa valdhafarnir í Moskvu komið á fót leppstjórnum í Pólland, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi, Rúmen-

íu, Búlgaríu og Albaníu. Í þessum löndum gerist ekkert, sem er valdhöfunum í Moskvu á móti skapi. Leiðtogum íslenzkra kommúnista virðist ekki heldur vera það neitt á móti skapi, sem hefur gerzt og er að gerast í þessum löndum.

Kommúnistaflokkarnir hafa verið að brjótast til valda í hverju landi á fætur öðru í Austur-Evrópu, síðan striðinu lauk, alls staðar með undirferli og ofbeldi og með rússneskt hervald að bakhjarli.

Íslenzkum kommúnistum hefur líkað þetta allt saman ágætlega.

Rússar hafa verið að leggja undir sig hvert landssvæðið á fætur öðru síðan striðinu lauk.

Íslenzkum kommúnistum hefur líkað það allt saman ágætlega. Þeir hafa meira að segja talið ástæðu til þess að fagna því, að þjóðir skuli hafa komið „undir bolséivismann“.

Halldór Kiljan Laxness sagði, þegar Rússar lögðu undir sig hálf Pólland í september 1939:

„Ég skil ekki almennilega, hvernig bolsévíkar ættu að sjá nokkurt hneyksli í því, að 15 milljónir manna eru þegjandi og hljóðalaust innlimaðir undir bolsévismann. Mér skilst, að slikt hljóti að vera bolsévíkum fremur fagnaðarefni en ástæða til hneykslunar.“

(Þjóðviljinn 27. sept. 1939).

## Kjósendur.

Munduð þið telja það fagnaðarefni að verða „innlimaðir undir bolsévismann?“

Kjósið gegn kommúnistum.

Kjósið A-listann.